# Námsáætlun – Vor 2016 – 10. bekkur

# Námsáætlun – Vor 2016

Námsgrein: íslenska 10. bekkur
Kennari: Fríða Pétursdóttir
Birt með fyrirvara um breytingar

Í kennslustundum er lögð áhersla á málnotkun í víðu samhengi; lestur, lesskilning, málfræði, stafsetningu, umræður, túlkun og mat. Almennt hefjast kennslustundir á upprifjun og kynningu kennara á viðfangsefninu sem fylgt er eftir með margvíslegri verkefnavinnu. Nemendur vinna ýmist einir eða í pörum og hópum. Í bókmenntum er lögð sérstök áhersla á umræður og skoðanaskipti og að nemendur leysi verkefni í samvinnu við aðra. Gert er ráð fyrir heimavinnu og munu upplýsingar um hana birtist á Mentor. Nemendur eru hvattir til að sinna heimanámi vel og muna sérstaklega eftir því að lestur er mikilvæg heimavinna.
Með markmiðum námsáætlunar í íslensku er stefnt að því að nemendur nái tökum á þeim hæfniviðmiðum sem kveðið er á um í Aðalnámskrá grunnskóla 2013).( http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/).

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Janúar | Nemandi geti:<br>• lesið almennan texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á og túlkað.<br>• skilið mikilvægi þess að efla eigið læsi og geti valið sér lesefni til gagns og ánægju.<br>• beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði og kannist við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð.<br>• notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum. | Yndislestur<br><br><br><br><br>Ljóð: Kennslubókin Ljóð í tíunda.<br><br>Bókmenntahugtök | Nemendur velja sér kjörbók og vinna skýrslu. Unnið í skóla og að hluta til heima.<br><br>Í ljóðum ræðum við ákveðinn efnisþátt í hverjum tíma og nemendur vinna þjálfunarverkefni. | Kjörbókarskýrsla<br><br><br><br><br>Próf |
| Febrúar | Nemandi:<br>• þekki og geti beitt helstu málfræðihugtökum.<br>• geti áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra texta.<br>• geti valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið og gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann.<br>• geti nýtt aðferðir sem hann hefur | Setningafræði Kennslubókin Finnur 3.<br><br><br>Bókmenntir:<br>Englar alheimsins | Innlögn kennara, nemendur vinna verkefni til þess að festa í minni og auka færni.<br><br>Umræður og verkefni. | Próf<br><br><br><br>Ritgerðarpróf<br>Stuttar lestrarkannanir og verkefni sem hafa vægi í námsmati. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | lært til að taka virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti, rökstutt þær og valið þeim miðil sem hentar.<br>• tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli.<br>• geti greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.<br>• geti hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar, einnig notið myndefnis og gert grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni. | | | |
| Mars | Nemandi geti:<br>• geti leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og lagt mat á gildi og trúverðugleika ritaðs máls, svo sem fjölmiðla- og margmiðlunarefnis og tekið gagnrýna afstöðu til þess.<br>• geti beitt reglum um réttritun og geri sér grein fyrir að rétt stafsetning er virðing við mál, texta og lesanda. | Heimildaverkefni | Nemendur velja sér viðfangsefni og leita heimilda. | Heimildaritgerð og kynning á verkefni. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | • geti notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um.<br>• geti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með viðeigandi talhraða og fasi.<br>• beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.<br>• | | | |
| Apríl | Nemendur geti:<br>• áttað sig á og beitt sköpunarmætti tungumálsins og nýtt það m.a. við nýyrðasmíði og í orðaleikjum.<br>• gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og geti nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum. | Málfræði:<br>Helstu efnisþættir verða orðhlutafræði, orðmyndun og hljóðfræði.<br>Kennslubókin Finnur 3. | Innlögn kennara, nemendur vinna verkefni til þess að festa í minni og auka færni. | Próf og heimaverkefni (skilaverkefni). |
| Maí | Nemandi geti:<br>• lesið almenna texta af öryggi og lagt mat á þá og túlkað.<br>• beitt mismunandi aðferðum við | Bókmenntasaga:<br>Kennslubókin „Mér er í mun ...“ | | Heimaverkefni og vinnubókarskil.<br><br><br>Önninni lýkur með |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | lestur.<br>• geti gert sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og gert öðrum grein fyrir því. | | | annarprófi þar sem reynir á þá námsþætti sem lagðir hafa verið til grundvallar á þessari önn. Einnig verða lagðar fyrir 2 stafsetningarkannanir á önninni. |

Námsgrein: enska 10. b
Kennari: Björk Pálmadóttir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Jan.- júní | Að nemandinn geti tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, námsog þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt, án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr. | Hlustun | Hlustunar æfingar og hlustunarefni úr ýmsum áttum. Lesnar smásögur, gömul samræmd próf unnin og hlustunaræfingar úr námsbókunum. Nemendur þjálfaðir í að skilja leiðbeiningar kennara í kennslustundum og hlusta á samnemendur. | Krossapróf sem fylgja gömlum samræmdum prófum, umræður og munnleg yfirferð á hlustunarefni, jafningjamat |
| | Að nemandinn geti lesið sér til gagns og ánægju almenna texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum, aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu, lesið sér til fróðleiks rauntexta, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt, | Lesskilningur | Lestextar af ýmsum toga s.s. smásögur, skáldsögur, blaðagreinar og textar sem nemendur velja sjálfir. Textarnir lesnir nemendum til ánægju, umræðu og til að auka orðaforða. Nemendur æfa sig í að þekkja aðalatriðin með því að útbúa staðreyndar - spurningar. Umræður um boðskap og það sem sagt er milli lína fara fram í tímum til að dýpka skilning og ýta undir | Lesskilningspróf, umræður í tímum metnar, útdrættir metnir, jafningjamat og sjálfsmat |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | | gagnrýna hugsun | |
| | Að nemandinn geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki og samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. | Ritun | Fjölbreyttir textar skrifaðir s.s útdrættir, persónulýsingar, gagnrýni o.fl. unnið uppúr sögum, myndum og öðrum sem unnið er með í kennslunni | Textarnir metnir eftir gæði innihaldsins og gæði tungumálsins. Notað verður leiðsagnamat, sjálfsmat og félagamat |
| | Að nemandinn geti sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi, skilur og notar algengustu orðasambönd daglegs máls og viðeigandi kurteisivenjur og kann aðferðir til að gera sig skiljanlegan, t.d. með látbragði, getu bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.<br>Að nemandinn geti sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum, greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv., flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra. | Talað mál | Öll samskipti í kennslustofunni fara fram á ensku bæði við kennara og milli nemenda. Nemendur hvattir til samræðna og umræðna um alla þætti námsins, bæði innihald efnis og einnig uppbyggingu tungumálsins og málfræðilega þætti þess. Show and tell u.þ.b. tvisvar á önn og munnlegar kynningar á verkefnum. Nemendur halda bókarkynningar þar sem boðið er uppá spurningar og umræður um bókina. | Leiðsagnamat, óformlegt sjálfsmat og jafningjamat þar sem notaðir eru matslistar sem nemendur hafa unnið |

Námsgrein: danska 10. bekkur
Kennarar: Sigríður Hreinsdóttir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Jan. -maí | **Lykilhæfni:**<br>**Að nemandi geti…**<br>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi,<br>• skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár.<br>• gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði að efla og byggja upp sjálfsmynd sína, | markmiðasetning | Nemendur setja sér persónuleg markmið og meta hvernig hefur gengið að ná þeim<br><br>Evrópska tungumálamappan | Símat, verkefni og vinna í tímum metin. Metnir eru 5 þættir: Hlustun, lesskilningur, samskipti, frásögn og ritun. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla raðast nemendur á 3 stig eftir getu. Í 1. bekk ættu nemendur að vera að ljúka 3. . stigi. Metið er hversu sterkir þeir eru á stiginu á skalanum A, B,C og D. |
| Jan.–maí | **Að nemandi geti…**<br>• fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.<br>• tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt,<br><br>• hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim. | Hlustun | Nemendur horfa á danska þætti einu sinni í viku „store drømme“ stuttmyndir, frettir, tónlist ofl úr dönsku sjónvarpi<br><br>Nemendur velja sér hojskole í DK út frá áhugasviði, kynna sér hann vel og kynna fyrir bekkinn.<br>Kynnast danskri menningu og landinu í heild.<br><br>Hlustunaræfingar í vinnubók. | Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið.<br>Hlustunarverkefni í vinnubók metin, hlustunarpróf og verkefni.<br>Mat á samvinnu og flutningi verkefnis.<br>Mat á lykilhæfni útfrá hópverkefni. |
| Jan. – maí | **Að nemandi geti…**<br>• lesið sér til gagns og ánægju almenna | Lesskilningur | Lesskilningsæfingar eru í hverri viku. | Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | texta af ýmsum toga með nokkuð fjölþættum orðaforða og valið lestraraðferð eftir eðli textans og tilgangi með lestrinum.<br><br>• aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu,<br><br>• lesið sér til fróðleiks rauntexta, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt,<br><br>• lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.<br><br>**Lykilhæfni:**<br>**Að nemandi geti…**<br><br>• notað margvíslegar upplýsingaveitur og | | Nemendur lesa vikulega texta úr lesbók og ýmislegt af neti og greinar, finna upplýsingar og vinna með texta á fjölbreyttan hátt.<br><br>Nemendur lesa stutta skáldsögu | Lesskilningspróf.<br><br>Mat á kynningum nemenda á textum og bókum sem þeir hafa lesið. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | hjálpartæki við öflun upplýsinga og til stuðnings við nám, | | | |
| Jan. – maí | **Að nemandi geti…**<br><br>skrifað lipran samfelldan texta um efni sem hann hefur þekkingu á, sýnt fram á góð tök á orðaforða og meginreglum málnotkunar, fylgt hefðum varðandi uppbyggingu og samhengi texta og notað tengiorð við hæfi,<br><br>skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við,<br>• tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu, | Ritun | Sett sér markmið á dönsku fyrir veturinn<br><br>Skrifa ritunarverkefni um áhugasvið,<br><br>Skrifað á veggspjöld verkefni um nordiske idoler<br><br>Skrifað lesendabréf | Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið.<br>Ritunarverkefni reglulega og verkefni í vinnubók metin reglulega..<br><br>Veggspjald metið<br><br>Skil á ritunarverkefni (lítilli ritgerð ) |
| Jan. – maí | **Að nemandi geti…**<br><br>tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í<br>• tekist á við margs konar aðstæður í | Samskipti | Samskiptaæfingar eru í hverri viku.<br>Nemendur taka þátt í ýmsum samskiptaleikjum, búa til leikþætti þar sem þeir þurfa að setja sig inní ákveðnar | Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum, | | aðstæður.<br>æfa sig í tímum og spyrja og svara á dönsku. | |
| Jan. – maí | **Að nemandi geti…**<br>tjáð sig áheyrilega um málefni sem hann þekkir, beitt tungumálinu af nokkurri nákvæmni hvað varðar reglur um málnotkun, framburð, áherslur, hrynjandi og orðaval,<br><br>tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum,<br>• flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi,<br>• samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.<br><br>**Lykilhæfni:**<br>**Að nemandi geti…**<br><br>•beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf,<br>• nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi,<br>• unnið sjálfstætt, með öðrum og undir | Frásögn | Kynnt verkefni sín<br>• Tekið þátt í leikþáttum þar sem nemendur setja sig í ákveðnar aðstæður, t.d. fara á matsölustað<br><br>Nemendur búa til þátt eða stuttmynd | Símat á stöðu nemenda í samræmi við markmið. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja,<br>• nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni | | | |

Námsgrein: Samfélagsfræði
Kennari: Helga Halldórsdóttir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Jan.-feb.<br>Lota 1:<br>Draumasamfélagið | *Að nemandi geti:*<br>✓ Útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis.<br>✓ Útskýrt hlutverk helstu stofnana samfélagsins og uppbyggingu stjórnkerfisins.<br>✓ Tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.<br>✓ Greint mynstur mannlegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum.<br>✓ Gert sér grein fyrir nýtingu auðlynda og umhverfis og gildi hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun.<br>✓ Fengist við samfélagsleg og siðferðileg málefni af mismunandi sjónarhólum. | Stjórnkerfi<br>Lýðræði<br>Stofnanir samfélagsins<br>Borgaralegar skyldur | Hópvinna | Símat kennara<br>Jafningjamat<br>Sjálfsmat |
| feb.-mars<br>Lota 2:<br>Umhverfis jörðina | *Að nemandi geti:*<br>✓ Greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.<br>✓ Geta útskýrt margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og | Kortalæsi<br>Lífsviðhorf/trúarbrögð<br>Náttúruskilyrði | Einstaklingsvinna<br>Paravinna | Sjálfsmat<br>Símat kennara |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | samfélaga.<br>✓ Geta útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði. | | | |
| April-maí<br>Lota 3:<br>Ferðin mín | *Að nemandi geti:*<br>✓ Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum.<br>✓ Sett sér markmið og framtíðaráætlun til að stefna að í framtíðinni í samræmi við eigin styrkleika og áhuga.<br>✓ Fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á loftslag og gróður.<br>✓ Geta útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði. | Jörðin<br>Menningarlæsi<br>Samfélagslæsi<br>Náttúruferlar<br>Fjölmenning | Einstaklingsvinna | Sjálfsmat<br>Símat kennara |

Námsgrein: Náttúrufræði
Kennari: Ingibjörg Kristín Gunnarsdóttir

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir/leiðir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| Janúar-<br>febrúar | Markmiðið er að nemendur:<br>• Skoði og skrái atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis og í framhaldi af því tekið virkan þátt í gagnrýnni umfjöllun um málið og gert tillögur til úrbóta.<br>• Geti gert grein fyrir áhrifum umhverfisþátta á lífsgæði manna og náttúru<br>• Sýni umhverfi sínu umhyggju og geti rökrætt skoðun sína á því<br>• Tekið þátt í umræðu um stöðu umhverfismála | Vistfræði<br>Samspilið í náttúrunni<br>Vistkerfi mannsins<br>Matarsóun<br>Gróðurhúsaáhrifin og hlýnun jarðar<br>Ósonlagið og loftmengun<br>umhverfisvernd | Innlagnir kennara<br>Myndbönd og veraldarvefurinn<br><br>Einstaklingsnám, hópa- og paravinna. | Símat, kannanir í lok kafla<br><br>Vinnulag og virkni í tímum metin<br><br>Vinnubók metin |
| mars-maí | • Öðlist þekkingu á grunnatriðum erfðafræðinnar<br>• Skilji hvernig þekking á erfðum geta hjálpað læknavísindum<br>• Geti rætt siðferðisleg mál tengd efninu, hlusti og virði skoðanir annarra<br>• Geri sér grein fyrir mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni<br>• Geti notað fjölbreytta miðla við | Erfðir og erfðaefni<br>Lögmál erfðanna, erfðagallar og erfðatækni.<br>Klónun og stofnfrumur<br><br>Valverkefni sniðið að áhugasviði hvers og eins. | Nemendur velja sér svið innan náttúruvísindanna og vinna að kynningu hvers konar sem þeir sýna fyrir bekkinn. Frjáls | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | skipulag og framsetningu hugmynda bæði sjálfstætt og í samvinnu við aðra | | úrvinnsla, t.d. myndband, ritgerð, tilraun og skýrslugerð. | |

Námsgrein: Íþróttir
Kennari: Ármann

| Tímabil | Hæfniviðmið | Efnisþættir | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|---|
| 5.janúar-29.apríl | Fjölbreytt hreyfinám<br>Auka þol, styrk, snerpu og liðleika<br>Þjálfa færni í sem flestum íþróttagreinum<br>Efla færni í samskiptum<br>Fræða um heilbrigði | Hlaupa- og hreyfileikir, knattspyrna, handknattleikur, körfuknattleikur, blak, boltaleikir, frjálsar íþróttir, badminton, bandý, borðtennis, tennis, fimleikar, þrek og VAL | Leikir ráðandi þáttur<br>VAL – krakkarnir stjórna 4-6 saman einum íþróttatíma yfir veturinn og skila tímaseðli á stöðluðu formi | Stöðumat, greinandi mat og lokamat. |
| 2.maí-27.maí | Fjölbreytt hreyfinám<br>Læra að klæða sig eftir veðri og vindum<br>Kynnast nánasta umhverfi skólans | Útiíþróttir | Boginn, frjálsíþróttavöllur á Þórssvæði, sparkvöllur, útihlaup um nánasta umhverfi skólans, stiginn við stífluna, hjólaleiðir víða um bæinn | Stöðumat, greinandi mat og lokamat. |

Námsgrein: Matreiðsla (valáfangi) 9-10.bekkur
Kennari: Þóra G. Jóhannsdóttir

Nemendur vinna oft 3 tíma í einu og safna upp tímum yfir veturinn og hætta þá fyrr á vorin.

| **Tímabil** | **Hæfniviðmið** | **Efnisþættir** | **Kennsluhættir** | **Námsmat** |
|---|---|---|---|---|
| Janúar<br>4x2 tímar | ....Getur farið eftir almennum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og geti útskýrt skaðsemi af völdum mismunandi örvera og beitt kunnáttu til að varast tjón af völdum þeirra(matareitranir, salmonella, krossmengun)<br>...Þekki og geti fjallað um mismunandi þarfir fólks, sjúkdóma og kvilla sem tengjast mataræði svo sem sykursýki, ofnæmi, óþol, offita, átröskunarsjúkdómar. | Fjölbreytt matreiðsla með fjölbreytt hráefni ásamt bakstri og eftirréttum. | Innlögn, sýnikennsla, einstaklingskennsla, paravinna, hópavinna, samvinna. | Símat sem byggir á vinnubrögðum/færni og virkni, að fara eftir fyrirmælum og taka tilsögn, ábyrgð á eigin vinnubrögðum, samvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum. |
| Febrúar<br>4x 2 tímar | ...Geti útskýrt hvað felst í heilbrigðum lífsháttum, tengslum þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufari.<br>....Geti beitt helstu matreiðslu og bakstursaðferðum og geti nýtt helstu miðla til að afla sér upplýsinga. | Mismunandi matreiðsluaðferðir, bakstursaðferðir og fl. | Innlögn verkefnis, sýnikennsla, einstaklingskennsla, paravinna, samvinna. | Símat<br>Sjálfsmat |
| Mars<br>4x 2 tímar | ....Geti skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir úr algengu hráefni með tilliti til hagkvæmni og nýtni.<br>....Geti sagt frá matarmenningu Íslendinga og matreitt ýmsa íslenska og erlenda þjóðarétti.<br>....Verið læs á umbúðamerkingar | ...Nemendur finna uppskriftir að eigin vali á netinu eða annarstaðar og setja saman matseðil sem þau vinna síðan sjálfstætt að.<br>..Verklegt próf í lok annar.<br>..Útikennsla þar sem | Innlögn verkefna, sýnikennsla, einstaklingskennsla, paravinna, samvinna. | Símat<br>Sjálfsmat<br>Verklegt próf |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | .......Viti hvað aukefni er, til hvers þau eru notuð og þekki aukefna flokkana.<br>.....Geti sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í vítt samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreineika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun. | nemendur fara út með hráefni og grilla úti. | | |